Vopnuðum þyrlum nú beitt gegn kúrdum

Á annað þúsund skæruliðar í íranska kúrdistan

BEIRÚT 22/6 — Einn af forustumönnum Kúrdneska lýðræðisflokksins skýrði svo frá í dag, að her íraksstjórnar væri farinn að beita vopnuðum þyrlum gegn kúrdneskum skæruliðum, sem halda uppi hernaði gegn íraksher í fjalllendi íraska Kúrdistans. Vopnaðar þyrlur komu fyrst fyrir alvöru til sögunnar í stríðinu í Víetnam, en þá beittu bandaríkjamenn þeim mikið og reyndust þær að sögn geysihaglegt hernaðartæki.

Þessar upplýsingar talsmanns Kúrdneska lýðræðisflokksins koma heim og saman við fréttir frá vestrænum sendiráðsmönnum í Bagdað, en sjálf harðneitar íraksstjórn því stöðugt að nokkur uppreisn sé nú í gangi í íraska Kúrdistan. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum hófu kúrdar þar skæruhernað snemma árs 1976, tæpu ári eftir að frelsisher íraks-kúrda undir forustu Múlla Mústafa Barsani var bugaður. Basani, sem er á áttræðisaldri, er nú í útlegð í Bandaríkjunum.

Eftir ósigurinn 1975 var Kúrdneski lýðræðisflokkurinn endurskipulagður og hefur tekið upp vinstrisinnaðri stefnu en áður. — Fyrrnefndur talsmaður sagði að vopnuðu þyrlurnar (sem bandaríkjamenn kalla „gunships", byssuskip) væru framleiddar í Frakklandi og Sovétríkjunum og væri hægt að skjóta úr þeim bæði eldflaugum og af vélbyssum. Kúrdnesku skæruliðarnir eru ekki sagðir hafa annað vopna en riffla af gerðinni Kalasjnikof, sem einnig er sovésk.

Talsmaður sagði að Kúrdneski lýðræðisflokkurinn hefði nú um 1000 skæruliða á að skipa í kúrdnesku fjöllunum. Auk þess halda þar uppi skæruhernaði tvenn önnur kúrdnesk samtök, annað þeirra Kúrdneska þjóðarsambandið, sem lýtur forustu Djalals Talabani, sem frægur er úr sjálfstæðisbaráttu íraks-kúrda. Hann nýtur að sögn stuðnings Sýrlands, en um þessar mundir er mikill fjandskapur milli Sýrlands og íraks. Þessi tvenn samtök hafa að sögn talsmannsins aðeins um 150 skæruliðum á að skipa.

Listaverkasafnari sakaður um fjöldamorð

Fjöldagrafir opnaðar í Úkraínu

MOSKVU 22/6 Reuter — Sovéskir hermenn hafa að viðstaddri hollenskri rannsóknanefnd opnað fjöldagröf frá síðari heimsstyrjöld hjá þorpinu Uritsj í Úkraínu og fundið jarðneskar leifar yfir 120 manna, að sögn áreiðanlegra heimilda. Gröfin var opnuð í sambandi við réttarhöld gegn Pieter Menten, auðugum hollenskum listaverkasafnara, sem starfaði með nasistum á stríðsárunum.


Menten er ákærður fyrir að hafa fyrirskipað fjöldamorð í tveimur úkraínskum þorpum sumarið 1941. Menten neitar ákærunum og kennir þær rógi sovétmanna. Líkfundurinn við Úritsj bendir til þess að 20 börn að minnsta kosti hafi verið meðal hinna myrtu. Einnig fundust í gröfinni mjólkurpelar og gúmleikföng, sem benda til þess að ungabörn hafa verið meðal hinna myrtu, en ungbarnslík eru fljót að eyðast í jörðu.

Svo er að sjá að fólkið, sem nasistar myrtu við Úritsj, hafi verið skotið, en sumar höfuðkúpurnar voru brotnar, sennilega vegna þess að skotin hafa ekki banað öllum. Vitni hafa borið að þau hafi séð Menten, sem nú er 78 ára, klæddan þýskum einkennisbúningi, þegar fjöldamorðin voru framin í hinu þorpinu sem hér um ræðir, Pogdorodtski, og hafi hann stjórnað aftökunum þar.

Hollenska rannsóknanefndin fer á sunnudaginn til Póllands, þar sem hún yfirheyrir fleiri vitni. Þorp þessi tvö heyrðu undir Pólland til 1939, þegar svæðið var lagt undir Sovétríkin. 1941—1944, var svæðið hernumið af þjóðverjum.

A. Paul Weber á Kjarvalsstöðum

Ádeilumeistarinn sem hlífir aðeins skákmönnum



Weber: Unga kynslóðin tekur verkum mínum vel... (Ljósm. Eik)

A. Paul Weber er gagnmerkur svartlistarmaður þýskur, sem kemur með 160 myndir sínar á Kjarvalsstaði. Þetta er stærsta sýning á verkum hans til þessa. Hann var á sínum tíma settur í fangelsi fyrir grimmar myndir af Hitler og því sem honum fylgdi; og eins og Valtingojer sagði, þegar við sáum sýninguna í gær, þá „er það besta að Weber er jafn harður af sér enn í dag."

Hvort sem hann sýnir tilburði alræðis, siðlaus vísindi, skrifræðisforheimskun eða annað.

Weber er ekki málugur við blaðamenn, hann segir: þetta er allt í verkum mínum. En það kom þó á daginn, að hann hefur mætur á skák og er að vinna að bók um skák. Ég spurði, hvort hann sýndi skákmönnum meiri mildi í myndum sínum en afgangnum af mannkyninu. Hann brosti við og sagði það rétt til getið.

Skákin er, sagði hann, óendanlegt viðfangsefni.

Weber sagði einnig, að list sín hlyti miklu betri undirtektir hjá ungu fólki nú en hún gerði fyrir 20—30 árum. Hann kvaðst, auk skákbókarinnar, fást við næsta árgang af „Gagnrýnu almanaki" — en í þessi almanök, sem hann hefur gefið út í 20 ár, velur hann ádeilutexta gamla og nýja, en alla virka í samtíðinni, og gerir við þá myndir.

Hann hefur myndskreytt frægar bækur: skelmissögur um Ugluspegil, Simpliccismus, Münchausen, einnig Kafka.

— Af hverju er stærsta sýning á verkum Webers til þessa haldin á Íslandi?

Því svarar einn af aðstandendum sýningarinnar, dr. Schwabe: Ég á sök á því, ég hefi með ýmsum ágætum aðilum unnið að því í fjögur ár að skipuleggja þessa sýningu, vegna þess að ég held að Weber hafi eitthvað sérstakt að segja íslendingum og íslendingar honum. Vegna þess að þeir eru sem vin í eyðimörk samtímans að því er varðar það vægi sem þeir ljá hverjum einstaklingi.

Weber hefur sjálfur tekið mikinn þátt í undirbúningi sýningarinnar. Þar koma og við sögu Goethestofnunin þýska, Grafiskfélagið íslenska og Eimskip sem flytur myndirnar ókeypis. Sýningin verður opnuð 24. júní og stendur til 12. júlí. Weber verður hér skamma stund nú, vegna anna, en „ég kem aftur" segir hann.

áb.

í stuttu máli

Skæruliðar drepa iðjuhöld

BILBAO 22/6 Reuter — Lögregla fann í dag lík Javiers de Ybarra, auðugs iðnrekanda og fyrrum borgarstjóra Bilbao, skammt frá Victoria, höfuðborg baskafylkisins Alava. Ybarra var rænt 20. maí og voru þar að sögn að verki liðsmenn ETA, einnar þeirra herskáustu af sjálfstæðishreyfingum baska.

ETA er sagt hafa krafist miljarðs peseta í lausnargjald fyrir Ybarra, sem veitti forstöðu útibúi bresks stórfyrirtækis á Spáni. Fjölskylda Ybarra er sögð hafa boðið tæplega 400 miljónir peseta. Ybarra er annar í röðinni af auðugum iðnrekendum sem ETA er kennt um að hafa drepið s.l. átján mánuði. Í apríl s.l. ár drápu skæruliðar iðjuhöld að nafni Angel Berazadi, sem þeir höfðu rænt í janúar.

Því nær allir stjórnmálaflokkar baska fordæmdu drápið á Berazadi og hvöttu ETA einnig til þess að þyrma lífi Ybarra.

20 fangar farast í eldsvoða

SAINT JOHN, Nýju-Brúnsvík 22/6 — 20 af 27 föngum í fangelsinu í Saint John, sem er stærsta borgin í fylkinu Nýju-Brúnsvík í austurhluta Kanada, brunnu inni í nótt er eldur kom upp í fangelsinu. Um nánari atvik er ekki kunnugt, þar eð embættismenn verjast allra frétta og hafa neitað öllum þeim, er staddir voru í fangelsinu er eldurinn kom upp, um að tala við fréttamenn.

Sumir fanganna höfðu verið fluttir í þetta fangelsi í síðustu viku úr fangelsi í sveit skammt frá, eftir að eldur hafði komið þar upp nokkrum sinnum. Fangar eru að sögn grunaðir um að hafa valdið þeim eldum, en ekki er vitað hvort svo hefur einnig verið um eldsvoðann í Saint John.

Fyrsti fundur Carillos og Suarezar svo vitað sé

MADRID 22/6 — Adolfo Suarez, forsætisráðherra Spánar, og aðalritari spænska kommúnistaflokksins, Santiago Carrillo, ræddust við í dag í meira en klukkustund. Kom þessi fundur þeirra mjög á óvart og er þetta í fyrsta sinn að þeir hittast, svo vitað sé.

Carrillo var útlægur allan Franco-timann og var handtekinn í desember s.l., eftir að hann hafði snúið heim. Eftir nokkurra daga fangelsisvist var hann látinn laus og í apríl var Kommúnistaflokkurinn leyfður á ný.

Í fréttinni segir að þeir Carrillo og forsætisráðherrann hafi rætt um þær aðstæður í stjórnmálum landsins, sem skapast hafa eftir nýskeðar þingkosningar, þær fyrstu á Spáni í fjóra áratugi sem eitthvert mark er takandi á. Kommúnistar fengu kjörna 19 þingmenn af 350, sem sæti eiga í neðri deild hins nýja þings. Suarez reynir nú að koma saman ríkisstjórn og ræddi í því sambandi einnig í dag við framámenn svonefnds Alþýðuflokks, sem er einn af 15 flokkum og stjórnmálahóp um, sem aðild eiga að Lýðræðislega miðjubandalaginu, flokkabandalagi Suarezar.

Færeyingar framlengja fiskveiðisamning við EBE

ÞÓRSHÖFN 22/6 Reuter — Færeyska lögþingið samþykkti í gærkvöldi stjórnarfrumvarp um að framlengja fiskveiðisamkomulag Færeyinga við Efnahagsbandalag Evrópu til 5. ágúst n.k. Þýðir það að EBE-fiskiskip fá að veiða allt að 1320 smálestum af þorski og ýsu á Færeyjamiðum frá 1. júlí til ágústbyrjunar, auk þess sem þau mega veiða upp í áður veitta kvóta.

Lögþinginu var slitið í dag og kemur það aftur saman 29. júlí. Verður þá tekin ákvörðun um það, hvort framlengja skuli enn frekar fiskveiðisamkomulagið við EBE.

„Hæ, stóri Jón, þá ert þú einn af okkur..."

MAXWELL-herflugvelli, Alabama 22/6 Reuter — John Mitchell, ríkissaksóknari Bandaríkjanna í tíð Nixons, hóf í dag að afplána að minnsta kosti hálfs þriðja árs fangelsisvist, sem hann var dæmdur í fyrir hlutdeild sína í Watergate-hneykslunum allræmdu. Hann er fyrsti bandaríkjamaðurinn í þessu embætti, sem settur er í fangelsi, og háttsettasti embættismaður Bandaríkjanna sem til þessa hefur hafnað á slíkum stað.

„Hæ, stóri Jón, þá ert þú orðinn einn af okkur," kölluðu aðrir fangar til þessa höfuðlögmanns Nixons þegar hann bættist í hóp þeirra.

Alvarlegur skellur fyrir Begin

TEL AVÍV 22/6 — Verkamannaflokkurinn í Ísrael vann stórsigur í kosningum í hinu volduga verkalýðssambandi landsins, Histadrút, en þær kosningar fóru fram í gær. Benda tölur til þess að um 200.000 manns, sem kusu hinn hægrisinnaða Líkúdflokk í þingkosningunum, hafi á alþýðusambandskosningunum kosið Verkamannaflokkinn. Þessi úrslit eru talin mjög alvarlegar fréttir fyrir hina nýju ríkistjórn Menakems Begin, því að talið er að Histadrút muni af hörku beita sér gegn öllum tilraunum stjórnarinnar til þess að efla kapítalisma í þjóðarbúskap Ísraels.

Jerúham Mesjel, aðalritari Histadrút, hefur þegar gefið ríkisstjórninni aðvaranir þessu aðlútandi, en stjórnin hefur þegar leitað ráða hjá Milton Friedman, einum kunnasta talsmanni lausbeislaðs kapítalisma sem nú er uppi og hefur meðal annars vakið á sér athygli sem ráðunautur herforingjaklíkunnar í Chile. Histadrút er ekki einungis verkalýðssamband í venjulegum skilningi orðsins, heldur og meiriháttar atvinnurekandi og hefur tök á nærri þriðjungi þjóðarbúskapar Ísraels.